



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

336. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. nóvember 2013 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Halldór Bjarni Maríasson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Bjarni Þorkelsson í fjarveru Ingvars Grétars Ingvarsson

Ágúst Gunnarsson í fjarveru Guðmundar Ármanns Péturssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

#### 1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. nóvember 2013.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. nóvember 2013 liggur frammi á fundinum.*

#### 2. Fundargerðir.

##### a) Fundargerð 21. fundar Velferðarnefndar Árneshvísi, 6. nóvember 2013.

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest. Varðandi lið 2, fjárhagsáætlun ársins 2014 ásamt kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga þá staðfestir sveitarstjórn áætlunina og skiptinguna. Gert hefur verið ráð fyrir hlut Grímsnes- og Grafningshrepps í fjárhagsáætlun ársins 2014. Varðandi lið 3, tillögu Velferðarnefndar Árneshvísi að gjaldskrá fyrir árið 2014, þá samþykkir sveitarstjórn hana samhljóða.*

##### b) Fundargerð 4. fundar starfshóps um skólalþjónustu í Árneshvísi utan Árborgar, 6. nóvember 2013.

*Fundargerðin lögð fram.*

##### c) Fundargerð 8. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. nóvember 2013.

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest. Varðandi lið 1, útilistaverk á Borg þá leggur nefndin til að uppsetning á listaverkinu og framkvæmdir við vist- og göngugötu haldist í hendur.*

##### d) Fundargerð 30. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. nóvember 2013.

*Fundargerðin lögð fram og hún staðfest. Varðandi lið 2, leggur fræðslunefndin til að sveitarstjórn kaupi spjaldtölvur fyrir þá kennara sem ekki eru með spjaldtölvur og að keyptar verði 10 spjaldtölvur fyrir skólaárið 2014-2015 fyrir nemendur. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við beiðni fræðslunefndar og verður gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014.*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

**3. Samningur um sameiginlegt tæknisvið uppsveita Árnassýslu.**

Fyrir liggja drög að samningi um sameiginlegt tæknisvið uppsveita Árnassýslu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn fyrir sitt leiti og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

**4. Bréf frá Yfirfasteignamatsnefnd þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kæru á endurmati fasteignamats á Gráholtsbraut 3, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Yfirfasteignamatsnefnd, dagsett 8. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna kæru á endurmati fasteignamats á Gráholtsbraut 3, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurmat Þjóðskrár Íslands á eigninni.

**5. Bréf frá Umboðsmanni Alþingis vegna kvörtunar á samþykki sveitarstjórnar á breytingum deiliskipulags Reykjaness.**

Fyrir liggur bréf frá Umboðsmanni Alþingis, dagsett 31. október 2013 vegna kvörtunar á samþykki sveitarstjórnar á breytingum deiliskipulags Reykjaness. Vill Umboðsmaður beina því til sveitarstjórnar að auglýst skuli með áberandi hætti og að þar skuli tilgreina kærueimildir. Sveitarfélagið auglýsir skipulagsbreytingar sýnar skv. þeim lögum og reglum sem gilda hverju sinni en varðandi kærueimildirnar þá er þeirri athugasemd komið til skipulagsfulltrúa sem sér um auglýsingar skipulagsmála fyrir sveitarfélagið.

**6. Bréf frá Mannvirkjastofnun vegna gæðastjórnunarkerfis byggingarfulltrúa.**

Fyrir liggur bréf frá Mannvirkjastofnun, dagsett 30. október 2013 þar sem stofnunin vill vekja athygli sveitarfélaga á skyldum byggingarfulltrúa til þess að koma sér upp gæðastjórnunarkerfi fyrir árið 2015 og faggildingu fyrir árið 2018. Sveitarstjórn vísar erindinu til Helga Kjartanssonar, byggingarfulltrúa.

**7. Bréf frá Minjastofnun vegna umsagnar stofnunarinnar við lýsingu á skipulagsverkefni vegna breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.**

Fyrir liggur bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett 7. nóvember 2013 vegna umsagnar stofnunarinnar við lýsingu á skipulagsverkefni vegna breytingar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, sem fela í sér breytta landnotkun á Arnarnesi í landi Torfastaða. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við lýsinguna. Bréfið lagt fram til kynningar.

**8. Kynningarbréf vegna útgáfu bóka Brynjólfs Ámundasonar um Öndverðarnes.**

Fyrir liggur kynningarbréf, dagsett 4. október 2013 vegna útgáfu bóka Brynjólfs Ámundasonar um Öndverðarnes. Verð bókanna er kr. 14.000 og er vonast til að Grímsnes- og Grafningshreppur sjái sér fært að kaupa nokkur eintök af bókunum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kaupa 5 eintök af bókunum.

**9. Beiðni um styrk við Snorraverkefnið sumarið 2014.**

Fyrir liggur beiðni frá Snorrasjóð um styrk til Snorraverkefnisins sumarið 2014 þar sem markmið verkefnisins er að veita ungu fólki af íslenskum ættum í Norður – Ameríku tækifæri til að kynnast rötum sínum á Íslandi í 6 vikna sumarverkefni. Sveitarstjórn hafnar erindinu.



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**10. Beiðni um styrk frá Hollvinasamtökum Rangárbakka til að tryggja eignarhald og notkun á Rangárhöllinni til framtíðar á Rangárbökkum.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk frá Hollvinasamtökum Rangárbakka til að tryggja eignarhald og notkun á Rangárhöllinni til framtíðar á Rangárbökkum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita styrk að fjárhæð kr. 300.000.*

**11. Beiðni um styrk frá Hjálparstarfi kirkjunnar til að veita skjólstæðingum sínum á Íslandi ráðgjöf, mataraðstoð og fleira.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk, í formi auglýsinga, frá Hjálparstarfi kirkjunnar til að veita skjólstæðingum sínum á Íslandi ráðgjöf, mataraðstoð og fleira. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

**12. Bréf frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands þar sem vakin er athygli á nýrri vefsíðu, [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is)**

*Fyrir liggur bréf frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, dagsett 5. nóvember 2013 þar sem vakin er athygli á nýrri vefsíðu, [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is) Lagt fram til kynningar.*

**13. Beiðni um styrk frá Blátt áfram vegna forvarnarverkefnis gegn kynferðisofbeldi og misnotkun barna.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk frá Blátt áfram, forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Styrkurinn felst í því að Blátt áfram verði valið í stað jólakorta í ár. Sveitarstjórn hafnar erindinu.*

**14. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um skráningu upplýsinga um umgengnisforeldra, 71. mál.**

*Þingsályktunartillagan lögð fram.*

**15. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum (tvöfalt lögheimili), 70. mál.**

*Þingsályktunartillagan lögð fram.*

**16. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna), 72. mál.**

*Frumvarpið lagt fram.*

**17. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 14. mál.**

*Þingsályktunartillagan lögð fram.*

**18. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni til eigenda Miðengis 6 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Miðengisvegar 6 af vegaskrá.**

*Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni til eigenda Miðengis 6 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Miðengisvegar 6 af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

**19. Bréf frá Brunavörnum Árnassýslu þar sem óskað er eftir heimild til lántöku vegna fasteignakaupa.**

Á fundi sveitarstjórnar þann 6. nóvember s.l. var tekið fyrir bréf frá Brunavörnum Árnassýslu, dagsett 22. október 2013 þar sem óskað er heimild sveitarfélagsins til lántöku vegna kaupa á húsnæðinu að Árvegi 1 á Selfossi. Málinu var frestað þar sem óskað var eftir frekari gögnum sem hafa borist. Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir hér með að veita Brunavörnum Árnassýslu, sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda og hlutfallslega ábyrgð miðað við eignarhluti 1. janúar 2013 í Brunavörnum Árnassýslu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og veitir sveitarstjórnin lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna höfuðstöðvar félagsins, sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Sveitarstjórn skuldbindur hér með sveitarfélagið sem einn af eigendum Brunavarna Árnassýslu til að selja ekki félagið að neinu leyti til einkaaðila. Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut sinn í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur, sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps, kt. 020371-4639, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa Rút, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

**20. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Drög að breytingum á samþykktum um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps lagðar fram til fyrri umræðu. Málinu vísað til seinni umræðu.

**21. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2014.**

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrá og álagningu gjalda vegna ársins 2014.

1. **Útvarshlutfall** árið 2014 verði lækkað úr 14,48% í 12,44%.
2. **Fasteignaskattur A**, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.  
**Fasteignaskattur B**, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.  
**Fasteignaskattur C**, 1,60% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2014 eru eftirfarandi:



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

<i>Tekjur einstaklinga</i>	<i>Tekjur hjóna</i>	<i>Niðurfelling</i>
Allt að 2.193.000	Allt að 3.298.000	100%
Milli 2.193.001 – 2.560.000	Milli 3.298.001 – 3.797.000	75%
Milli 2.560.001 – 2.925.000	Milli 3.797.001 – 4.299.000	50%
Milli 2.925.001 – 3.291.000	Milli 4.299.001 – 4.800.000	25%

*Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:*

*Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.*

3. *Seyra, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/fráveitukerfi verði kr. 7.090 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.*

*Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,1% af fasteignamati húss.*

*Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 160.000.*

4. *Sorp, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar vegna heimilissorp er:*

*Sorphirðugjald:*

<i>Ílátastæðir</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 L ílát	14.027 kr.	6.084 kr.
660 L ílát	40.476 kr.	18.624 kr.
1.100 L ílát	66.521 kr.	30.104 kr.

*Grátunna: Hirðing á 14 daga fresti.*

*Blátunna: Hirðing á 42 daga fresti.*

*Sorpeyðingargjald:*

<i>Íbúðarhúsnæði</i>	<i>16.964 kr.</i>
<i>Frístundahúsnæði</i>	<i>11.199 kr.</i>
<i>Lögbylí</i>	<i>7.466 kr.</i>
<i>Fyrirtæki</i>	<i>14.932 kr.</i>

*Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> vikulega.*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við  $m^3$  þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn  $m^3$  4.000 kr.

5. **Vatnsveita**, vatnsskattur íbúðarhúsa verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 43.000 og lágmarksálagning verði kr. 23.000 á hús. Vatnsskattur frístundahúsa verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 43.000 og lágmarksálagning verði kr. 23.000 á hús. Vatnsskattur fyrirtækja verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 155.000 og þau fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti. Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 388.390. Tengigjöld fyrir lögbyli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 585.538. Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 23.000. Fyrir ný skipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 43.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

6. **Hitaveita**, 5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps breytist þannig:

**A. Hemlagjald (varmagjald):**

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámarsstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði hækkar úr kr. 2.117 í kr. 2.202.

**B. Eldri samningar**

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn hækkar gjald fyrir hvern mínútulíter úr kr. 1.888 á mánuði í kr. 1.964.

**C. Rúmmetragjald skv. mæli:**

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns hækkar úr kr. 100,70 í kr. 104,70.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 6.606 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

**Mælagjald á mánuði:**

C1 Stærð mælis/hemils DN 15	1.050 kr.
C2 Stærð mælis/hemils DN 20	1.500 kr.
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	1.856 kr.
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	2.212 kr.
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	2.569 kr.
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	3.516 kr.





## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

**D. Stofngjöld**

Íbúðarhús allt að 300m<sup>3</sup> og gróðurhús allt að 200m<sup>3</sup> kr. 560.572 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 213kr/m<sup>3</sup>. Vélageymslur og gripahús allt að 300m<sup>3</sup> kr. 325.860 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 213kr/m<sup>3</sup>. Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 560.572. Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 83.638.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða 4.188 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

**E. Önnur gjöld**

Lokunargjald verður kr. 15.600 og auka álestur kr. 7.300.

7. **Lóðaleiga**, verði 1% af lóðamati.

8. **Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg**, verði eftirfarandi:

<b>Sund:</b>	fullorðnir, 17-67 ára	börn 7-16 ára
Stakt skipti	600 kr.	300 kr.
10 miða kort	3.800 kr.	1.900 kr.
30 miða kort	9.600 kr.	4.800 kr.
Árskort	28.000 kr.	14.000 kr.

Börn 0-6 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund.

**Þreksalur:**

Stakt skipti	1.200 kr.
10 miða kort	8.000 kr.
30 miða kort	16.000 kr.
Árskort	28.000 kr.

**Íþróttasalur:**

Fullorðinn – 60 mín.	800 kr.
Barn – 60 mín.	400 kr.
Hálfur dagur	9.000 kr.
Heill dagur	16.000 kr.

Sturta	500 kr.
Leiga á sundfatnaði	500 kr.
Leiga á handklæði	500 kr.

Frá og með 1. janúar 2014 verður íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal á skrifstofu sveitarfélagsins.



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fullorðnir, 17-67 ára	8.000 kr.
Börn, 7-16 ára	3.500 kr.

9. **Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla, verði eftirfarandi:**

4 klst. vistun	11.929 kr.
4,5 klst. vistun	13.422 kr.
5 klst. vistun	14.912 kr.
5,5 klst. vistun	16.404 kr.
6 klst. vistun	17.897 kr.
6,5 klst. vistun	19.387 kr.
7 klst. vistun	20.878 kr.
7,5 klst. vistun	22.369 kr.
8 klst. vistun	23.862 kr.

10. **Gjaldskrá mótuneytis, verði eftirfarandi:**

Stakur hádegisverður í leikskóladeild	162 kr.
Hádegisverður pr. mánuð í leikskóladeild	3.112 kr.
Stök hressing í leikskóladeild	84 kr.
Hressing pr. mánuð í leikskóladeild	1.851 kr.
Hádegisverður fyrir grunnskóladeild	292 kr.
Mjólk pr. mánuð í grunnskóladeild	433 kr.
Ávextir og brauð pr. mánuð í grunnskóladeild	1.082 kr.
Hádegisverður, eldri borgara	373 kr.
Hádegisverður, kostgangara	988 kr.

11. **Gjaldskrá fyrir Félagsheimilið Borg, verði eftirfarandi:****Veislur:**

Fermingar – afmæli, dagveislur	55.000 kr.
Brúðkaup – afmæli, kvöldveislur	78.000 kr.
Ættarmót, öll helgin	120.000 kr.
Ættarmót, sólarhringur	55.000 kr.

**Fundir:**

Kaffistofa	15.000 kr.
Stóri salur	30.000 kr.
Allt húsið	45.000 kr.
Ráðstefnur, námskeið o.þ.h.	45.000 kr.





**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**Annað:**

Leiga fyrir innansveitarfólk	23.000 kr.
Leiga á húsi pr.klst	4.000 kr. lágmarkstímar eru 5 klst.
Dansleikir	samningsatriði

**Gisting:**

Gisting í svefnpokaplássu fyrir 25 eða færri	35.000 kr.
Gisting fyrir fleiri en	1.400 kr. pr. mann

**Æfingabúðir, félagsheimili og íþróttamiðstöð:**

1 sólarhringur og ótakmarkaður aðgangur að sundlaug, íþróttahúsi og félagsheimili kr. 2.100.-  
gisting 1.400.- sund 700.-

2 sólarhringar og ótakmarkaður aðgangur að sundlaug, íþróttahúsi og félagsheimili kr. 3.500.-  
gisting 2.300.- sund 1.200.-

1 sólarhringur og ein sundferð kr. 2.000.- gisting 1.400.- sund 600.-

*Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2014.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.*

**Til kynningar**

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 152. stjórnarfundar 23.10 2013.
- ✓ SASS. Fundargerð 473. stjórnarfundar 08.11 2013.
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð 8. aðalfundar 24. október 2013.
- ✓ Skólaskrifstofa Suðurlands. Fundargerð 8. aðalfundar 24. október 2013.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 32. aðalfundar 24. október 2013.
- ✓ SASS. Fundargerð 44. aðalfundar 24. og 25. október 2013.
- ✓ Nýjar samþykktir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.
- ✓ Varasjóður húsnæðismála. Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2012.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:20